



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. desember 2013

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt (afleiðuviðskipti, vatnsveitur og fráveitur, arðsúthlutun til eigenda félaga, millilandasamruni, milliverðlagning, sérstakur fjársýsluskattur, eindagi), 204. mál.**

Samtök atvinnulífsins (SA) fagna frumvarpinu að því leyti sem það stuðlar að endurbótum á skattaumhverfi og einföldun skattkerfisins. Þá fagna samtökin sérstaklega að felldar verði út reglur sem innleiddar voru með lögum nr. 128/2009 um skattlagningu arðsúthlutunar til starfandi hluthafa, en ákvæðið hefur verið mjög umdeilt frá upphafi og þótt sérstaklega ósanngjarnt og íþyngjandi fyrir lítil fyrirtæki. Telja samtökin frumvarpið almennt fela í sér nokkra bót á skattaumhverfi einstaklinga og fyrirtækja í landinu, að undanskildum nokkrum atriðum sem gert verður grein fyrir nánar.

#### **Skattlagning afleiðusamninga**

Í frumvarpinu er lögð til breyting á tekjuskattslögum sem er ætlað að breyta gildandi rétti um skattlagningu afleiðusamninga. Breytingarnar felast í því að tekjur af afleiðusamningum, óháð undirliggjandi eignum, verði meðhöndlaðar sem söluhagnaður/tap í stað vaxtatekna/gjalda að undanskildum vaxtaskiptasamningum sem taka mið af breytingum á vöxtum sem undirliggjandi verðmæti. Samtökin áttu fulltrúa í starfshópi ásamt fulltrúum frá Viðskiptaráði Íslands, ríkisskattstjóra og fjármálaráðuneytinu en samkvæmt ummælum í greinargerð eru þessar lagabreytingartillögur efnislega sambærilegar þeim sem lagðar voru til í skýrslu starfshópsins.

Lýsa SA sig sammála forsendum lagabreytinganna en telja tillagða breytingu á lagaákvæðunum sjálfum ekki endurspegla þær tillögur með réttum hætti. Er þannig gert ráð fyrir því í 7. og 8. gr. umrædds frumvarps sem fjallar um breytingar á 1. og 2. mgr. 18. gr. (söluhagnaður) og 1. másl. 1. mgr. og 2. mgr. 9. tl. a 31. gr. (frádráttarheimild) tekjuskattslaga nr. 90/2003 að ákvæðin eigi einungis við um afleiðusamninga sem eru seldir á skipulegum verðbréfamarkaði þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf. Er þannig í fyrsta lagi verið að einskorða breytinguna við afleiðusamninga þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf, þvert á orðalag frumvarpsins um að frumvarpið eigi að fela í sér breytingu á skattlagningu af tekjum af afleiðusamningum, óháð undirliggjandi eignum (fyrir utan vaxtaskiptasamninga) og í öðru lagi er verið að takmarka breytinguna við afleiður (með undirliggjandi hlutabréf) sem skráðar eru á skipulegan verðbréfamarkað en slíkur markaður er ekki til á Íslandi.

SA leggja því til að textinn „sem eru seldir á skipulegum verðbréfamarkaði þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf“ verði felldur út úr 7. gr. og 8. gr. frumvarpsins og einungis textinn „og afleiðusamninga“ bætist við umrædd ákvæði

Að öðrum kosti yrði óvissa um hvernig skyldi fara með óskráðar afleiður sem og afleiður þar sem undirliggjandi verðmæti eru annað en hlutabréf (fyrir utan vaxtaskiptasamninga) en dæmi um slíkt eru



afleiður með undirliggjandi gjaldmiðla sem eru mikið notaðar í gengisvörnum fyrirtækja og afleiður með undirliggjandi skuldabréf.

Gagnrýna samtökin að ekkert sé vikið að þessum veigamiklu breytingum frá tillögum starfshópsins í greinargerð með frumvarpinu og að umfjöllun í greinargerð sé beinlínis í ósamræmi við texta þeirra lagabreytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu.

**Fái ákvæðið að standa óbreytt muni lagasetningin engu breyta um skattalega meðferð tekna af afleiðuvíðskiptum eins og þau víðskipti tíðkast hér á landi.** Samtökin telja brýnt að skattaleg meðferð afleiðusamninga verði í samræmi við það sem gerist í nágrannalöndunum.

Þá er mikilvægt að íslensk stjórnvöld innleiði reglugerð 2012/648/ESB, svokallaða EMIR reglugerð (European Market Infrastructure Regulation) þar sem gert er ráð fyrir að tilkynna beri alla afleiðusamninga sem ekki eru skráðir á verðbréfamarkað til sérstakrar opinberrar skrár um afleiðuvíðskipti.

### Fjársýsluskattur

Þá er í 15. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að tímabundið ákvæði um að ekki skuli taka tillit til samsköttunar og yfirfæranlegs taps við álagningu sérstaks fjársýsluskatts verði fært varanlega inn í lög. Taka samtökin undir mótmæli SFF hvað þetta ákvæði varðar og bendir á að um sé að ræða víðbótartekjuskatt sem sé eðlilegt að lúti sömu lögmálum og tekjuskattur almennt. Er ákvæðið jafnframt í mótsögn við yfirlýst markmið frumvarpsins um einföldun skattkerfisins en verði ákvæðið að lögum mun það leiða til þess að mismunandi reglur gilda um almennan tekjuskatt og umræddan víðbótartekjuskatt. Þá telja samtökin að ekki sé fullnægjandi rökstuðningur í greinargerð með frumvarpinu hvers vegna rétt þygi að víkja frá meginreglum laga um yfirfæranlegt tap fyrirtækja við álagningu tekjuskatts og telja að verði ákvæðið samþykkt óbreytt geti það leitt til mjög íþyngjandi og ósanngjarnrar skattlagningar. SA telja að hafa beri hugfast að fjársýsluskatturinn er sértækur skattur sem lagður er á afmarkaðan hóp fyrirtækja og ber því að fara sérstaklega varlega áður en lögfestar eru frekari varanlegar sérreglur um meðferð slíks skatts.

### Milliverðlagning

Í 11. gr. eru lagðar til sérstakar reglur um milliverðlagningu. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að lögaðilar yfir vissum stærðarmörkum verði *skjölunarskyldir* vegna víðskipta við tengda lögaðila, eðli tengsla og grundvöll ákvörðunar milliverðs. Þá er gerð sú krafa að skjölunarskyldur aðili varðveita sérstaklega gögn um slík víðskipti, upplýsingar um víðskiptaskilmála, veltu, eignir og annað sem þýðingu kann að hafa við milliverðlagninguna og sýna fram á verð og skilmála í sambærilegum víðskiptum milli ótengdra aðila eða hvernig verðlagningu er háttáð í sjö ár frá lokun reikningsárs. Er hér um að ræða íþyngjandi ákvæði sem felur gerir mjög umfangsmiklar kröfur til þeirra fyrirtækja sem ákvæðið tekur til. Er ákvæðinu engu að síður ætlað að taka gildi strax og koma til framkvæmda frá og með næstu áramótum. Telja samtökin ljóst að sá stutti frestur sem fyrirtækjum er gefinn til að aðlagast nýjum og auknum kröfum sé ekki nægur og nauðsynlegt sé að fresta gildistöku svo fyrirtækjum gefist ráðrúm til að koma til móts við þær með góðu móti.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

*Bergþóra Halldórsdóttir*